# Súðavíkurhreppur

**14. fundur fræðslu- tómstundar – menningar- og kynningarnefndar kjörtímabilið 2022-2026**

**haldinn í Álftaveri - Grundarstræti,**
**þriðjudagurinn 7. janúar 2025, kl. 16:30**

Þriðjudaginn 7. janúar 2025 kl. 16:30 var haldinn fundur í fræðslu-, tómstundar-, menningar- og kynningarnefnd Súðavíkurhrepps 2022-2026. Boðaðir voru bæði aðal- og varamenn nefndarinnar auk skólastjóra.

Mætt til fundar: Aníta Björk Pálínudóttir, Thorsteinn Haukur Thorsteinsson, Selma Guðmundsdóttir, Stella Guðmundsdóttir, Sergey, Yevheniia, Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri og Anna Lind Ragnarsdóttir skólastjóri.

Ekki er gerð athugasemd við boðun fundar.
Fundargerð ritaði Aníta Björk Pálínudóttir.

Gengið er til afgreiðslu dagskrár.

**Dagskrá:**

1. Dægradvöl
2. Önnur mál

**Afgreiðsla erinda:**

1. ***Dægradvöl***
   Nefndin leggur til að skoðað verði að hafa dægradvöl fyrir þau börn sem óska eftir því.

2. ***Önnur mál***
   *Opnun á íþróttahúsinu fyrir eldri borgara*
   Lagt til að byrjað verði á því að leyfa eldri borgurum að fá tíma í íþróttahúsinu eins fljótt og hægt er og síðan skoðað frekari opnun í framhaldinu.

   *Anna Lind fór af fundinum kl. 17:52*

   *Ósk um notkun á félagsheimilinu vegna sjálfsvarnarnámskeiðs*
   Nefndin tekur vel í erindið og leggur til að námskeiðið verði styrkt og haldið í íþróttahúsinu.

*Ósk um samning milli Kómedíuleikhússins og Súðavíkurhrepps*
Nefndin leggur til að gerður verði samningur við Kómedíuleikhúsið.

*Fundur með velferðarsviði Ísafjarðarbæjar*
Nefndin óskar eftir fundi með velferðarsviði Ísafjarðarbæjar sem fyrst.

Fundi slitið kl. 17:15